

7. Brot úr ritgerð um verzlunarsögu
Eyrarbakka fyrir 50 - 60 árum. "Siggi 4".

Bankablaðið, 7.árg. 1941: 2.tbl.blss.16-18.

Greininni fylgja nokkur formálsorð
ritstjórans Þorsteins Jónssonar, rithöf.,
(Þóris Bergssonar), sem um langt skeið
var samstarfsmaður Jóns Pálssonar í
Landsbanka Íslands. Greinin hefur brenglast
nokkuð í meðförum og hefur Jón Pálsson
ritað nokkrar leiðréttingar, sem ekki
hafa verið birtar. Leiðréttingar þessar
eru á einu blaði í qto broti dagsettu
19. desember 1941.

Bankablaðið, 7. ár
Greininni fylgja
ritstjórans Þorst
(Þóris Bergssonar
var samstarfsmaður
Landsbanka Íslands
nokkuð í meðförum
ritað nokkrar lei
hafa verið birtar
eru á einu blaði
19. desember 1941

ekki vera nema 8—10 ár frá því að byrjað var á þessari tilhögun og munu enn vera mjög losaralegar reglur um niðurfjöfnun á þessum gjöldum, því hér kemur magrt til greina, sem í fljótu bragði virðist vera auðvelt, en reynist örðugt þegar framkvæmast á í hinum daglegu störfum. Það virðist vera tilgangur bankanna í hinum ofangreindu löndum að taka aðeins greiðslu fyrir hið raunverulega tjón sem hver og einn viðskiftamaður veldur með þessum viðskiftum sínum, en ekki að hér verði um neinn tekjustofn að ræða fram yfir það sem hið innlagða fé kann að gefa bankanum á venjulegan hátt.

Þegar litið er yfir hlaupareikningsviðskifti, við skulum segja 3ja ára, kemur í ljós, að nokkrir reikningar hafa aldrei farið niðurfyrir vissa upphæð til jafnaðar öll árin, t. d. 20.000.00 kr. Þar með sést að þessar kr. 20.000.00 hafa verið traust og örugt starfsfé bankans, eftir því sem slíkt fé getur verið og gat því bankinn notað það á arðberandi hátt og þar með greitt viðkomandi viðskiftamanni hæfilega vexti af þeirri upphæð. Aðrir reikningar bera það með sér, við nánari athugun, að gagn það sem bankinn hefur haft af innstæðunni vegur aðeins upp á móti útgjöldunum (vinnu, pappír o. s. frv.) og enn aðrar gefa beint tap, eins og áður er sagt. Og enn önnur sjónarmið geta komið til greina, þegar á að fara að reikna út og ákveða hverjum á að greiða vexti, öðrum ekki og þriðja flokknum að borga með sér. T. d. kemur það þá að sjálfsögðu til greina hvort viðkomandi viðskiftamaður hefur mikil eða lítil viðskifti á öðrum sviðum við bankann o. s. frv.

Eins og hér kemur fram, er það ekki

að ástæðulausu að bankarnir í Þýzka-landi og Bandaríkjunum hafa farið inn á þessa braut og kann vel að vera að fleiri lönd hafi tekið upp þessa nýbreytni, þó ég viti það ekki. En á Norðurlöndum var hún ekki komin í framkvæmd síðast þegar fregnir bárust þaðan, en um þetta hefir verið rætt þar að undanfögnu og virðist helst samtakaleysi bankanna valda því að málið er ekki komið í framkvæmd og eins það að örðugt er að ákveða og koma sér saman um þann grundvöll sem byggja verður á, en það er ekki eins auðvelt og ætla mætti, eins og áður er dregið á, svo allt sé sanngjarnlega gert.

Það hefir nú á síðustu tveimur árum vakið bankamenn frekar til umhugsunar um þetta mál, að útgjöld bankanna, eins og annara stofnana, hafa stórum aukist vegna vaxandi dýrtíðar, en eðlileg viðskifti dregist víða mjög saman og yfirhöfuð hættulegir tímar fyrir allan bankarekstur.

Ekki hefir heyrzt að stjórnendur íslenzku bankanna hafi hugsað sér að taka upp nýung þessa, en ekki er það ósennilegt að við kunnum að fylgjast með ef þetta verður almennt upptekið í nágrannalöndunum, þó dálítið þreytandi sé ætíð að hlusta á það, að þetta og hitt sé sjálfsagt að gera hér, hvort sem það er gott eða ilt, af því það sé gert í Danmörku eða öðrum norðurlöndum.

Þorgils Ingvarsson.

LEIÐRÉTTING

Í 1. tbl. þ. á. hafði fallið niður nafn höfundar greinarinnar *Litið til baka*. Höfundurinn er *Þorgils Ingvarsson* og var greinin skrifuð í tilefni af 25 ára starfsafmæli hans.

Brot úr ritgerðum verzlunarsögu Eyrarbakka fyrir 50 — 60 árum.

Jón Pálsson, fyrrverandi aðalféhirðir Landsbankans er einn af kunnari bankamönnum þessa lands. Hann hefir jafnan látið ýms menningarmál og líknarstarfsemi til sín taka, var m. a. formaður Sjúkrasamlags Reykjavíkur í 27 ár. Í Barnaverndarnefnd hefir hann unnið mikið og gott starf; svo og í dýraverndunarmálum o. m. fl. líknarstörfum. Jón Pálsson hefir mjög fengizt við ritstörf og liggur mikið eftir hann í þeim efnum, enda þótt minnst af því hafi komið út á prenti. Jón er að eðlisfari hlédrægur maður og er lítið um það gefið að halda störfum sínum á lofti. Áður en Jón Pálsson gekk í þjónustu Landsbanka Íslands, fékkst hann við sjómeðnsku á opnum skipum á þriðja tug ára þar eystra og hér við Faxaflóa, en síðan við verzlunarstörf, lengst af við hina kunnu Eyrarbakka-verzlun, Brydesverzlun hér í Reykjavík o. fl. — Aflaði hann sér mikillar og haldgóðrar þekkingar á þeim hlutum, enda er hann gagnkunnur öllum verzlunarháttum þjóðarinnar, bæði fyrr og síðar. — Bankablaðið hefir snúið sér til Jóns Pálssonar og beðið hann leyfis að birta eftirfarandi kafla úr langri ritgerð um Eyrarbakka-verzlun, sem þá var eitt af stærstu verzlunarfyrirtækjum landsins. Þar var oft á tíðum mannmargt og sumt sérkennilegt fólk. Í eftirfarandi greinarstúfi greinir Jón frá einum slíkum sérkennilegum manni, er heima átti á Eyrarbakka um þessar mundir.

Ritstj.

„SIGGI 4.“

Meðal hinna gömlu og góðu Eyrbekkinga má ennfremur nefna aðstoðarmann beykisins, „Sigga fjórða“. Hann var einnig að mörgu leyti einkennilegur maður, m. a. að því, að hann var skjálguur nokkuð og stamaði mjög, einkum þegar hann var kenndur, en það var hann svo oft, sem honum gafst tækifæri til.

Því var hann Sigurður „fjórði“

nefndur, og í daglegu tali „Siggi fjórði“, að hann hafði verið fjórði vinnumaðurinn hjá ekkju einni, er borið höfðu Sigurðar-nafnið, og verið í þeirri stöðu hjá henni hver eftir annan. „Siggi fjórði“ bjó í Brennu, eftir að ekkjan lézt, og kvæntist þar „Helgu sinni“, en eigi varð þeim barna auðið. Aðstoðarstarf hans hjá beykinum var að taka á móti laxinum, hreinsa hann og þvo, þækilsalta og prófsetja vel, áður en út væri sendur, síðari hluta sumars. „Siggi fjórði“ átti fallega brennivínstunnu, grænmálaða, með svörtum gjörðum, og tók hún fjóra potta. Hafði hann fengið fyrirheit um það, að ef skipið með laxfarminum kæmist út úr höfninni heilu og höldnu innan ákveðins tíma, sem venjulega var 31. ágúst,¹⁾ skyldi hann fá fjögrapotta brennivínstunnuna sína, grænu, fulla af kornbrennivíni, algjörlega ókeypiss, og var það honum hin kærkomnasta gjöf. Hann var því allan síðari hluta mánaðarins jafnan á hælum hafnsögumannsins með ýmsar bolla-loggingar um það, hvaða líkindi hann teldi til þess, að skipið kæmist út á réttum tíma, en þótt hafnsögumaðurinn væri sjóvanur vel og veðurglökkur, var eigi ávalt auðvelt fyrir hann, að ákveða það með neinni vissu, hvernig brimið og sjóirnir í brimgarðinum og sundunum kynni að haga sér hálfum mánuði síðar eða um lengri tíma, því þótt sjórinn væri ládaður og rjóma-sléttur um hádegisbilið eða á hverjum

1) Eftir þann tíma hækkuðu váttryggingargjöld og annar kostnaðar allverulega.

öðrum tíma sólarhringsins sem var, kom það oft fyrir, að hann hafði breytt svo á næsta hálf tíma, að hann var orðinn skarpófær með öllu að svo skömmum tíma liðnum. Hafnsögumaðurinn var þá oft svarafár við spurningum „Sigga fjórða“, svo sem þessum: „He-heldurðu að la-laxinn komist út í tæ-tæka tí-tíð, Ól-Ólafur minn?“

Og þegar Ólafur, — svo hét „lóðsinn“ þá, — svaraði hann honum því einu, að um þetta væri enn eigi hægt neitt að segja, sagði þá „Siggi 4.“:

„Þa-það vildi ég, að gu-guð *gæfi*, að hann kæ-kæmist út fy-fyrir má-mán-aðamótin!“

Hafnsögumaðurinn vissi vel, hvað „Siggi 4.“ átti við, og svaraði þá:

„Hann kemst út einhverntíma í haust, Siggi minn, og það er nóg“.

„E-ekki fyr en í *haust!* — *Aumingja* Le-Lefolii minn!“ — Það hefir víst verið Lefolii gamli, sem „Siggi 4.“ bar þá frekar fyrir brjósti, en brennivínstunnan græna!? — Kunnugir menn fóru nær um það, hvort honum var hugstæðara, þótt báðum vildi hann vel, sem enginn efaðist um, því báðum var hann einn hinn trúasti þjónn. Því var það, er hann mælti fyrir „skál“ Lefoliis í haustveizlu einni, er ég hefi sagt frá hér áður, að hann sagði í lok ræðu sinnar, sem góður rómur var gerður að:

„Le-lengi lifi' 'ann Le-Lefolii minn, og hans trú-trúu þjónar!“ — Og nú var kominn 31. ágúst. Stærsta skipið, „Zephyr“ gamli lá á höfninni og beið fullrar hleðslu. Nokkrir tugir tunna af laxi voru enn í landi og skipið átti að leggja út úr höfninni með kvöldflóðinu, því höfuðdagsstraumurinn var í rénun, og mátti það nú *þess vegna*, eigi drag-

ast lengi, að notast yrði við strauminn þann.

Hjá „Sigga 4.“ og beykinum var „allt í lagi;“ allar tunnur vel tilslegnar og komnar niður á bryggju. „Siggi 4.“ hafði beðið um „frí“ frá öllum störfum þennan dag, nema þeim, að koma við og við niður á sjógarðshliðið, til þess að gæta að því, ef á þyrfti að halda, hvort allar laxtunnurnar væri ólekar, laggir heilar og gjarðir allar drifnar svo, að duga mundi.

„Siggi 4.“ var fyrstur manna til að fara niður í sjógarðshliðið morguninn þann, og hafði nú grænu fjögrapottatunnuna sína undir vinstri hendi sinni, en rekhnall sinn og hamar í hinni hægri. Leit hann þá biðjandi bænaraugum út til brimgarðsins —, um hvað? Vitanlega það, að boðar og brim léti nú eigi á sér bæra allan daginn, svo blessaður laxinn til hans Lefolii gamla kæmist heilu og höldnu, „alveg eftir áætlan“ út í skipið, eigi síðar en um nónbilið, því þá var hálfvallinn sjór. Um annað var hann eigi að hugsa daginn þann, enda stóð hann þar í sömu sporum, án þess að blindskakka augunum af boðunum og briminu, sem lóðsinn sagði um, að nú væri farið að „kveikja“ með aðfallinu og það var aldrei góðs viti. En Siggi beið rólegur og vildi bíða þess að sjá, hver endi hér á yrði, því þótt síðasta tunnan væri að vísu „kom-in um borð“, lá skipið enn við festar og var þetta langbreið stund, að bíða þess, að *kanónuskotunum þrem væri hleypt af, um leið og lóðsinn gaf út skipun sína um það, að síðasta skipið á sumrinu væri tilbúið til brottferðar og mætti nú leggja út úr höfninni. Af „fallbyssum“ þessum var einnig skotið þegar fyrsta skipið, sem til verzlunar-*

innar kom á vorin, hafði hafnað sig, svo og um miðnætti á gamlárkvöld. Tvær þeirra munu enn vera til, og brennivínskraninn stóri, er í mínum höndum. Hefði hann ýmsar „sögur“ að segja, ef mæla mætti, en nú hefir hann „þagað“ allengi — og mun gera það um hríð; sennilega að eilífu! Verður hans getið síðar í sambandi við bruggun „kvennavínsins“ o. fl.

Klukkan var orðin fjögur, farin að ganga fimm og bráðum orðin sex, og þá drundu skotin við; þau áttu að vera þrjú, en „Siggi 4.“ taldi þau í hálfum hljóðum, þar sem hann stóð eins og rígnegldur við eystri-vegg sjógarðshússins, og hann heyrðist segja *-e-eitt! tv-tvö — og þr-þrjú! — og hana nú!“*

Eimbáturinn lagði frá bryggjunni, með hafnsögumanninn og háseta hans; venjulega voru þeir tólf að tölu, sjógarpar hinir mestu og sækonungar, sem oft höfðu séð sædrotninguna „Rán“ skauta hvítum faldi áður á „Bússu“, um, annar á mæni skrifstofuhússins, út úr henni.

Nú voru tveir fánar dregnir að hún-um, annar á mæni skrifstofuhússins, og var það dannebrogsfáninn, sem þar fló hátt til skýja, um leið og fyrsta kanónu-skotið reið af, en hinn á mæni syðsta vörulússins, er síðasta og þriðja skotið heyrðist, og var það „lúðsflægg-rið“, fimmbliðandi stjarna, rann, á hvítum grunni. —

Strákarnir stóku hver fram hjá öðrum, þar sem „Siggi 4.“ stóð enn í sömu sporum, og kölluðu hver í knapp við annan: „Hvað er að á höfinum? — „Zephyr“ ekki farinn enn!“ — Aðrir svöruðu og sögðu: „Hann fer ekkert í dag!“ — Það er komið brú!“

BANKABLAÐIÐ

ÚTGEFANDI:

SAMBAND ÍSLENZKRA BANKAMANNA

RITSTJÓRI:

ÞORSTEINN JÓNSSON

AUGLÝSINGASTJÓRI:

JÓHANN JÓHANNESSEN

PRENTAÐ Í

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJU H.F.

Þeir hafa e. t. v. séð „Brynka“¹⁾ kempa skeggið, þá sem oftast, en eigi þótt þá „kær sjór“, né ákjósanlegur til innsiglinga eða út, hlöðnum kaupförum, þótt minni væri en „Zephyr“ var.

Kunnugir menn skildu hinn göfuga (!) tilgang drengja þessara: Hróp þeirra voru gerð til þess að hræða „Sigga 4.“, en alls ekki til þess að hugga hann eða gleðja.

En svo kom gleðin og huggunin, hvað sem strákarnir sögðu, því nú sigldi „Zephyr“ gamli, hið þrímastraða skip undir fullum seglum út úr „Bússu“ og „Siggi 4.“ sá það, enda heyrðist hann segja, um leið og síðasta sjóinn brant, sem undir „Zephyr“ reið að því sinni:

„Hva? Hva? — Gu-gu-sé lof! Þu-þu slapp hann!“

Siggi 4. hljóp síðan inn í báð með fjögurapötta tannuna sína milli heggja handa sinna og fékk fullnægt öllu því, er hann hafði óskað sér, *daginn þennan!* — Og „aunnungja Lefblíi gamli“ lakinn sínn, sem „Siggi 4.“ hafði búið svo vel

1) „Brynka“ er höli nokkurn, sem oft hefur á anstærvi við „Bússu“. Hann er tífar „tutti“ en t. d. „Sigu“ í Stokkseyrarsandi, enda geyma á honum í sjálfum brúgarðinum.

um og ætlað honum allt sumarið, því hann var áreiðanlega einn af hans „trúu þjónum“, meinhægðarmaður hinn mesti, glaðsinna og góðviljaður.

„Siggi 4.“ andaðist 3. október 1897,
54 ára að aldri. Jón Pálsson.

Leiðréttingar


Greinarkorn mitt í síðasta tölubl. Þanka blaðinu höfu, að marg-lesnum og leiðréttnu þessum orðid fyrir þeirri mis-
þyrmingu eftir það, að línuu höfu ymist veind færðar til að
numdar í brott með áinu.

Staðan málsþyrmingin er þó einna hlálegast útleiddin. Þar
stendur (í bls. 18. undanm.) ... en t.d. „Skopu“ í Stokkseyrarvundi, en
í að vera: ... en t.d. „Shotur“ í Stokkseyrarvundi.

Þessu blundothersboda þessa en komid af fot, hve stjótur
hann er að ríða og falla að ávörð, enda munu híd rétta
naðu hans vera „Stjótur“, þótt í dagsegu tali sé hann ávalt
nefndur „Shot“ eða „Shotur“.

Þóðlíkka boda er að finna víðvagar skránum Stendur landsins:
„Kíla“ en víð þess lális höfu, „Stjótur“ víð áttu á 22, 0. m. fl.

Reykjavík, 19. des. 1941


Jón Halldórsson